

Alþingi
Erindi nr. P 136/1513
komudagur 1.4.2009

Frá: Friðrik Friðriksson [ff@liu.is]
Sent: 1. apríl 2009 09:07
Viðtakandi: Elín Vaidís Þorsteinsdóttir
Afrit: Friðrik J. Arngrímsson; Sveinn Hjörtur Hjartarson
Efni: Skaðabótalögin - frv. um frádráttarreglur

Sæl Elín,

Frumvarp allsherjarnefndar til breytinga á skaðabótalögum 50/1993 er efnislega sambærilegt frumvarpi sem allsherjarnefnd lagði fram á Alþingi í apríl 2005. Samkvæmt útreikning tryggingastærðfræðings að beiðni SÍT í apríl 2005 myndi það leiða til 8-10% hækkunar bóta vegna slysatrygginga sjómanna. Forsendur hafa ekki breyst frá árinu 2005, þannig að gera má ráð fyrir sambærilegum áhrifum á hækkun bóta og iðgjaldagreiðslna vegna slysatrygginga sjómanna.

Iðgjaldagreiðslur vegna slysatryggingar sjómanna eru í dag um 430.000 kr. að meðaltali, sem eru með hæstu iðgjaldagreiðslum sem greiddar eru í tryggingakerfinu. Hækkun um 8-10% mun því stórauka kostnað útgerða af slysatryggingu sjómanna og þrengja að rekstrarforsendum greinarinnar, sérstaklega minni bátaútgerða.

Ef skaðabótalögum verður breytt eins og allsherjarnefnd leggur til þá mun það leiða til þess að reiknigrundvöliur bóta fyrir varanlega örorku, sem lagður var með lögum nr. 37/1999, mun raskast og hluti tjónþola mun fá bætur umfram raunverulegt tjón sitt. Með þessu er vikið frá þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttarins að mönnum beri fullar bætur fyrir tjón sitt, en eigi ekki að hagnast á því. Með frumvarpinu er tjónþolum líka mismunað og munu þeir sem eiga rétt á bótum frá almannatryggingum fá umtalsvert hærri bætur en þeir sem ekki uppfylla skilyrði almannatryggingafélaga um bætur.

Með lögum nr. 37/1999 var horfið frá hinu einfalda stuðlaverki og þess í stað tekinn upp breytilegur margfeldisstuðull vegna varanlegrar örorku. Forsendur stuðlaverksins byggja á því að greiðslur til tjónþola úr öðrum bótakerfum skuli koma til frádráttar, þannig að breyting sú sem allsherjarnefnd leggur til á ekki að gera, nema að taka jafnframt til endurskoðunar gildandi stuðlaverk skaðabótaganna í heild sinni.

Sú aðferð sem hér er lögð til mismunar tjónþolum og brýtur gegn forsendum reiknigrundvallar bóta fyrir varanlega örorku. Auk þess er verið að stórauka kostnað vegna slysatryggingar sjómanna, án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila. Samtökin eru tilbúin til að vinna að endurskoðun laganna með hliðsjón af því að bæta raunverulegt tjón þeirra sem lenda í alvarlegum slysum og laga þá galla sem hafa komið fram við framkvæmd skaðabótaganna.

Það er því skoðun samtakanna að fresta eigi staðfestingu þessa frumvarps og vinna að heildstæðum breytingum á skaðabótalögum í góðri samvinnu við þá sem í hlut eiga.

Við óskum eftir því að fá frumvarpið til umsagnar og að fá að mæta fyrir nefndina.

Kveðja
Friðrik Friðriksson, hdl.

Borgartún 35 / 105 Reykjavík
sími 591-0303 / fax 591-0301
gsm 824-2303
www.liu.is